

## REGLUGERÐ

### um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarháttanna og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar.

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er skilgreining sameiginlegra verkefna sem vísað er til í 15. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 550/2004 (þjónustureglugerðarinnar), þ.e. verkefna sem styðja við árangursríka framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

3. gr.

*Lögbært yfirvald.*

Samgöngustofa telst lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð þessari og sér um eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB), með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð (ESB) nr. 409/2013 frá 3. maí 2013 um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarháttanna og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar, sbr. ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 28 frá 14. febrúar 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 27. febrúar 2014, bls. 198.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a, 5. mgr. 75. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2015.

*Innanríkisráðuneytinu, 18. desember 2014.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*